

Kennsluáætlanir 2025 – 2026

Birtar á heimasíðu skólans og með fyrirvara um breytingar

Ljósmyndun 2025-2026

Markmið, kennsluaðferðir og kennarar

Í ljósmyndun munu nemendur skoða mismunandi ljósmyndara og ljósmyndataækni. Við gerum tilraunir með ljós og skugga, lituð ljós og stúdíó ljós. Prufum okkur áfram í allavega þema. Skoðum mismunandi myndavélar og fræðumst um þær. Höldum sýningu og förum á söfn eða í heimsókn á vinnustofu ljósmyndara ef tækifæri gefst.

Kennari: Brynja Helga Kjartansdóttir, brynja.h.kjartansdottir@seltjarnarnes.is

Markmið og kennsluaðferðir:

Nemendur vinna að markmiðum sínum undir leiðsögn kennara sem sýnir aðferðir og veitir aðstoð. Áhersla er á sjálfstæði, sköpun og tilraunir með fjölbreytta tækni. Unnið er út frá þemum í bæði einstaklings- og hópverkefnum. Kennt er einu sinni í viku.

- Verkleg kennsla
- Sýnikennsla
- Skapandi vinnubrögð
- Umræður-samræður

Kennari: Brynja Helga Kjartansdóttir, brynja.h.kjartansdottir@seltjarnarnes.is

Námsmat

Námsmatið er byggt á hæfniviðmiðum, lykilhæfni og matsviðmið fyrir list og verkgreinar. Í námsmati er tekið tillit til framfara hvers og eins nemenda og árangurs miðað við getu. Nemendur hafa tækifæri á að bæta sig með símati alla lotuna og hefur vinnusemi og frágangur áhrif.

- Hæfniviðmið á hæfnikorti nemenda og verkefni eru metin í bókstöfum (A, B+, B, C+, C, D, L og Ó).

Námsaðlögun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og til að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur vinna á eigin forsendum, eftir getu sinni og undir leiðsögn
- Kennarar veita bráðgerum nemendum tækifæri til að dýpka námsefnið hverju sinni
- Sérkennarar og faggreinakennarar vinna saman að því að finna leiðir og verkefni sem henta þroska og getu nemenda
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem geta ekki fylgt skólanámskrá

Hlutverk og vinnulag nemandans

Hér koma fram viðmið um:

Samskipti	Samskipti nemenda og kennara eiga að einkennast af virðingu og tillitssemi. Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni og hegðun í skólanum.	Viðbrögð við ritstuld	Nemendur læra að virða hugverk annarra og þróa eigin færni í að skrifa og vinna á réttan hátt með heimildir. Viðbrögð: • Við fyrsta brot fær nemandi tækifæri til að vinna verkefnið að nýju með leiðsögn. • Við endurtekið brot fær nemandi D í einkunn og getur ekki skilað verkefninu inn að nýju. • Nemandi sem er uppvís að svindli á prófi fær undantekningarlaust D í einkunn.
Mæting og virkni í tímum	Kennari og nemendur mæta stundvíslega í tíma og eyða ekki of löngum tíma í að skapa þá ró sem er forsenda skemmtilegrar vinnu. Ætlast er til að nemendur nýti tímann eins og best er á kosið.	Heimavinna og hjálpargögn	Engin heimavinna er í þessari lotu.
Hlutverk nemenda	Mikilvægt er að nemendur fylgist vel með innlögn og sýnikennslu. Eftir það reyna þeir að vinna sjálfstætt, hjálpast að eða bíða þolinmóðir eftir aðstoð kennara. Við lærum líka af því að leiðbeina og hjálpa hvort öðru.	Hlutverk kennara	Kennarinn leggur inn verkefni, sýnir aðferðir og vinnubrögð og aðstoðar nemendur þegar þess er þörf. Rík áhersla er á að nemendur þjálfist í því að verða sjálfbjarga og öðlast þannig færni í að leysa vandamál. Kennarinn skal vera vel undirbúinn og

	Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum. Nemendur vinna einstaklingsbundið og í hóp og skila verkefnum þegar þeim er lokið.		reyna að miðla þekkingu og kunnáttu til nemenda eftir bestu getu, leita nýrra leiða, afla sér nýrrar þekkingar og reyna að læra og gera betur. Hann skal leggja áherslu á góða umgengni, jákvæð samskipti, sáttfýsi, umburðarlyndi og kurteisi.
--	--	--	---

Lykilhæfni í námsgrein

Lögg er áhersla á eftirfarandi lykilhæfniviðmið í námsgreininni:

Nemandi getur:

- leyst fjölbreyttar áskoranir á skapandi hátt
- tjáð hugmyndir og tilfinningar á skýran og skipulegan hátt
- sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum
- unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi
- skipulagt, ígrundað og borið ábyrgð á eigin námi

Námsáætlun

Tímabil og viðfangsefni 1 önn	Hæfniviðmið Byggð á matsviðmiðum við lok 10. bekkjar. Sjá nánar í skólanámskrá.	Námsmat	Kennsluaðferðir	Námsefni
Þema verkefni skilað í dagbókaformi inn á classroom Nýtt þema í hverri viku sem nemendur setja upp í canva og skila inn á classroom.	Nemandi getur: • Beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í eigin sköpun • Sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt bæði myndrænt og texta. • Unnið sjálfstætt og í hóp og hjálpast að. • Sýnt góða umgengni á vinnusvæði	verkefni sem skilað er inn í classroom verður grundvöllur mats og virkni í tímum.	Kennari hefur innlögn og sýnikennslu og útskýrir hvers er ætlað í hverjum tíma og aðstoðar nemendur eftir þörf. Nemendur vinna verkefnið sem þeir vinna í canva með texta og mynd og skila svo í classroom.	Kennari leggur inn námsefni fyrir hvern tíma. Dæmi um þema: Vatnið, litir, skuggar, hreyfing, náttúra ofl